

FUNDARBOÐ

Fundargerð stjórnarfundar BÍS



Með þessu bréfi er boðað til 9. stjórnarfundar BÍS árið 2025. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 19. júní 19:30-21:30 í Hraunbæ 123.

Boðuð á fundinn eru stjórn BÍS, framkvæmdastjóri BÍS, fjármálastjóri, fræðslustýra, mótsstjóri landsmóts 2026, alþjóðafulltrúar og áheyrnafulltrúi ungmenna.

Dagsetning: 19. júní 2025

Mætt/ir: Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Þórhallur Helgason, Unnur Líf Kvaran, Davíð Þrastarson, Halldóra Inga Ingileifsdóttir, Einar Tryggvi Pedersen

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Fundarritari: Ragnar Þór Þrastarson

a. Fundur settur kl 19:39

1. Drög að fjárhagsáætlun landsmóts skáta 2026 kynnt

- Fjármálastjóri BÍS fer yfir fjárhagsáætlun Landsmóta á Hömrum 2026
- Mismunandi sviðsmyndir þátttakendafjölda yfirfarnar
- Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri fá leyfi til þess að klára verðútreikninga Landsmóts og fá staðfestingu þess efnis frá stjórn.
- Rætt var samstarf björgunarsveita og ákveðið var að bjóða unglingadeildum björgunarsveita á svæðinu á Landsmót.

2. Þjónustusamningar dótturfélaga

- Starfsmenn sem sinna verkefnum fyrir dótturfélög verða starfsmenn dótturfélaga og verða launþegar þeirra.
- Veitt þjónusta BÍS verður greidd af dótturfélögum.
- Annað fjármagn sem fer á milli félaga skal vera í formi styrkja.
- Umrætt fyrirkomulag þjónustusamninga samþykkt af stjórn.

3. Skátasjóður Laufeyjar og Berents

- Kynnt var fyrir stjórn hversu lengi hægt sé að ganga á skátasjóð Laufeyjar og Berents.
- Ræddar voru sviðsmyndir skátasjóðs Laufeyjar og Berents.
- Þriggja ára átaksverkefni sjóðsins er nú formlega lokið og ákveða þarf næstu skref.
- Stefna stjórnar BÍS er sú að fjármagn sjóðsins fari í meiri mæli að styðja einstaklinga til framhaldsmenntunar í foringjaþjálfun. Aðlagð þarf sjóðinn að því að draga úr stuðningi við starfshlutfall fræðslumála og fjárhagsáætlanir BÍS sömuleiðis.

4. Staða Hringferðar

- Umsjón verkefna
 - Hópnum hefur verið skipt upp í betur skilgreind verkefni
 - Katrín og Harpa verða til samhæfingar og ráðgjafar fyrir hópana 3 sem sjá um verkefni
 - Guðrún sér um fjölgun skátafélaga á landsbyggðinni
 - Unnur sér um nýliðunarhlutann, námskeið og viðburði fyrir nýja foringja.
 - Selma sér um eftirfylgni þegar sjálfboðaliðar hefja störf.



- vi. Open call auglýsing eftir fólki í verkefnahópana á skatarnir.is - Katrín sér um að open call fari í loftið.
- b. Fjármögnun, styrkir og kostnaðarliðir
 - i. 3M kr styrkur komu í styrk fyrir verkefnið frá ráðuneyti
 - ii. Tímastjórnunarkerfi hópana yrði stjórnað í gegnum Sling - framkvæmdastjóri stillir upp þegar hann hefur fengið upplýsingar frá Skátahöfðingja.

5. Reglugerð Landsmóts

- a. Efni tekið fyrir á næsta fundi

6. Önnur mál

- a. Skilgreiningar/reglugerð um skátafélög, sjálfstætt starfandi deildir og klúbba frestað til næsta fundar. Setja þarf einnig upp vinnusmiðju/fund með stjórnnum skátafélaga um þetta efni.
- b. Crisis communication WOSM - Frestað til næsta fundar
- c. Drög að fundaráætlun stjórnar í sumar
 - i. 10. júlí fjarfundur- fókus á Evrópuþing/Hringferð/Safe from Harm
 - ii. 5. ágúst fjarfundur – fókus á Hringferð og Kveikju
 - iii. 18. ágúst staðarfundur- fókus á Landsmót, Jamboree 27, Úlfljótsvatn
- d. Staðfest ákvörðun stjórnarsetu dótturfélaga frá fyrri stórnarfundum 5. Maí 2025

7. Fundi slitið kl: 21:30

Fært til næsta fundar:

Reglugerð Landsmóts

Skilgreiningar/reglugerð um skátafélög, sjálfstætt starfandi deildir og klúbba

Crisis communication WOSM

